

Fimmtudaginn 23. september 1993.

Nr. 121/1990. **Sigurbjörn Guðjónsson og  
Steinar Stefánsson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

**M. Hannibalssyni hf.**

(Arnmundur Backman hrl.).

Fasteign. Verksamningur. Galli. Matsgerð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1990. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðila málsins greinir mjög á um, hvernig samningar tókust með þeim, er stefndi fékk áfrýjendur til að vinna við endurbyggingu innan húss á svokölluðum kvennabragga á Djúpuvík á Ströndum í maí 1985. Eru sjónarmið þeirra rakin í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, byggir stefndi meðal annars á því, að Eggert Bergsson húsasmíðameistari hafi áður verið búinn að gera tilboð í verkið á grundvelli verklýsingar og teikninga, eftir að hafa skoðað húsið. Hafi tilboð hans hljóðað upp á 350.000 krónur. Verður að skilja málalíbúnað stefnda svo, að áfrýjendur hafi í raun samþykkt að taka verkið að sér fyrir þetta verð, með hliðsjón af tilboði Eggerts og á grundvelli verklýsingarinnar.

Í framburði Eggerts Bergssonar fyrir dómi 15. febrúar 1990 kom fram, að hann hefði, líklega í febrúar 1985, farið norður til Djúpuvíkur og átt þar viðdvöl í u. þ. b. tvær klukkustundir. Skoðaði hann umrætt hús með tilliti til viðgerða og endurbyggingar á því. Hann kvað einhverjar teikningar hafa legið fyrir, en enga verklýsingu.

Hann hafi ekki gert tilboð í verkið, en nefnt einhverjar tölur sem líklega kostnaðaráætlun. Hafi þá verið miðað við vinnuþátt verksins og tímavinnu.

Þegar til þessa er litið og þeirra gagna í heild, sem fyrir liggja í málinu, þykir stefndi ekki hafa sýnt nægilega fram á gegn mótmælum áfrýjenda, að þeir hafi tekið að sér verkið samkvæmt verklýsingu þeirri, er hann byggir á, fyrir ofangreinda fjárhæð. Verður við það að miða, að greiðslur, er áfrýjendur hafa fengið úr hendi stefnda, hafi verið fyrir þegar unna vinnu. Ber því að sýkna þá af kröfum stefnda, að því er varðar ólokin verk samkvæmt verklýsingu.

Kröfur stefnda um bætur vegna galla á verki áfrýjenda eru byggðar á matsgerð dómkvaddra manna. Enda þótt matsmenn hafi miðað við verklýsingu, er stefndi lagði fyrir þá, má ráða af matsgerðinni, að áfrýjendur hafi sem trésmiðir ekki staðið svo sem þeim bar að glerjun og lagfæringu á gluggafögum og svölum. Bera þeir því ábyrgð á þeim göllum, sem lýst er í matsgerðinni, að því er þessa verkþætti varðar, og er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um þá. Samkvæmt þessu verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda 118.148 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Sigurbjörn Guðjónsson og Steinar Stefánsson, greiði in solidum stefnda, M. Hannibalssyni hf., 118.148 krónur með 27% dráttarvöxtum á ári frá 1. 12. 1986 til 1. 3. 1987, 30% frá þ. d. til 14. 4. 1987, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti samkvæmt 12. gr. sömu laga, í fyrsta sinn 1. 12. 1987.

Áfrýjendur greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1990.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. september 1989.

Stefnandi er M. Hannibalsson hf., kt. 541283-0649, Djúpuvík.

Stefndu eru Sigurbjörn Guðjónsson, kt. 311059-6109, Blönduhlíð 14, Reykjavík, og Steinar Stefánsson, kt. 180557-2969, Neðstaleiti 5, Reykjavík.

*Dómkröfur stefnanda eru þessar:*

að stefndu greiði in solidum skuld, að fjárhæð 285.068 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru, að þeir verði báðir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða stefndu málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

## I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að fyrirtækið hafi fest kaup á gamla kvennabragganum á Djúpuvík og hafið endurbyggingu hans í því skyni að hefja þar hótélrekstur. Eggert Bergsson húsasmiðameistari hafi gert tilboð í þá hluta verksins að ganga frá tréverki og gera tilbúið undir málningu eftir verklýsingu og teikningum arkitekta, eftir að hann hafði farið á staðinn og skoðað húsið. Hafi tilboð hans í þessa verkþætti verið upp á 350.000 kr., og hafi verið samkomulag um, að þá væri búið að rífa innan úr húsinu. Eggert hafi hins vegar veikt snögglega og verið lagður á spítala. Forsvarsmáður stefnanda hafi því auglýst í Dagblaðinu 4. maí 1985. Í auglýsingunni hafi verið óskað eftir að ráða tvo til fjóra röska, samhenta trésmiði í hálfis annars til tveggja mánaða vinnu. Fyrir hafi legið ákveðin verklýsing á þeim verkþáttum, sem nauðsynlegt hafi verið að vinna til að gera húsið tilbúið undir málningu. Sigurbjörn Guðjónsson hafi haft samband við Ásbjörn Þorgilsson, forráðamann stefnanda, og lýst áhuga sínum og meðstefnda, Steinars, á því að taka að sér verkið. Samkomulag hafi orðið um, að þeir tækju að sér verkið fyrir 350.000 kr., auk þess sem stefnandi greiddi flugferðir á milli og upphald, meðan á verkinu stæði. Stefndu hafi komið á staðinn strax 6. maí ásamt unglingi, sem var þeim til aðstoðar, Agnari Páli Ómarssyni. Þeir hafi strax hafið störf og unnið rösklega fyrst um sinn. Hinn 23. maí hafi stefnandi greitt þeim 170.000 kr. vegna verksins, er stefndu héldu í frí eftir fyrsta úthald sitt, og 13. júní hafi stefnandi greitt 75.000 kr. Er stefndu héldu í frí í lok júní 1985, hafi ýmsum smáverkum verið ólokið, og skyldu þeir koma aftur eftir þá helgi og ljúka verkinu. Stefndu hafi átt hluta verklauna inni, og hafi stefn-

andi gefið út tryggingarvixil, að fjárhæð 110.000 kr., sem skyldi vera til tryggingar greiðslu eftirstöðva verklauna, en 10. júlí skyldi verki þeirra lokið. Stefnu hafi hins vegar aldrei komið aftur til að ljúka verkinu, heldur hafi þeir gjaldfellt vixilinn og sett hann í lögfræðiinnheimtu.

Stefnandi hafi farið fram á dómkvaðningu matsmanna 10. febrúar 1986 til þess að meta kostnað við að bæta úr fram komnum göllum á verkinu og hver kostnaður væri við að ljúka því. Upphaflegir matsmenn hafi ekki getað lokið verkinu, og 22. september 1986 hafi sýslumaður skipað þá Jósef Halldórsson og Stefán Guðlaugsson húsasmíðameistara. Þeir hafi skilað mati sínu í nóvember 1986. Niðurstaða þeirra hafi verið, að kostnaður við að lagfæra galla og ljúka verkinu næmi 186.960 kr. fyrir utan efni, og ferðakostnað og upphald hafi þeir metið 98.108 kr., og sé kostnaður án efnis því samtals metinn 285.068 kr., sem sé stefnufjárhæð.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi vitnar til þess, að verksamningur hafi komist á milli aðila um, að stefndu sem fagmenn ynnu ákveðið verk fyrir 350.000 kr. Verkið hafi falist í því að ganga frá tréverki hússins og gera húsið tilbúið undir málningu skv. verklýsingu. Kvittanir stefndu á reikninga beri með sér, að þeir hafi verið að vinna að tilboðsverki, sbr. „unnið við smíðar samkv. tilboði“. Þeim beri sem fagmönnum að leysa starfið af hendi óaðfínanlega, og þeim beri að ljúka því, sem þeir hafi tekið að sér og fengið greitt fyrir með því að innheimta tryggingarvixilinn að fullu. Ekkert styðji þá fullyrðingu stefndu, að þeir hafi unnið í tímavinnu undir stjórn stefnanda, enda hafi þeir ekki fært tímaskýrslur, og frásögn þeirra af því, að tímaskýrslur hafi glatast, sé ekki trúverðug.

## II.

Stefndu halda því fram, að þeir hafi ráðið sig í vinnu hjá stefnanda eftir auglýsingunni í Dagblaðinu 4. maí 1985 ásamt Agnari Páli Ómarssyni. Borist hafi í tal, hvort hægt væri að gera tilboð í vinnuna. Þeir hafi tjáð Ásbirni Þorgilssyni, að ómögulegt væri að gera tilboð í svona verk, þar sem óvissuþættir væru svo margir. Það hafi orðið úr, að stefndu sömdu um að vinna verkið í tímavinnu, og skyldi vera unnið á jafnaðarkaupi, þ. e. sama tímagjald fyrir dagvinnu og eftirvinnu, enda hafi mikið verið unnið utan reglulegs vinnutíma. Talað hafi verið um, að jafnaðarkaup yrði milli 350 kr. og 400 kr. á tímann. Ekkert tilboð hafi verið lagt fram eða verksamningur gerður, og stefndu hafi enga verklýsingu séð. Stefnu vísa í framburð Eggerts Bergssonar hér fyrir dómi, sem hafi sagt, að hann hafi „skotið á“, að vinnan myndi kosta 300.000 kr. til 350.000 kr. Þarna hafi

eingöngu verið um áætlun að ræða, og stefndu hafi aldrei gengið inn í tilboð eða gert tilboð.

Greiðslum hafi verið svo háttað, að stefndu og Agnar Páll hafi fengið laun greidd í lok hvers vinnuskeiðs, eftir að búið var að gefa upp vinnustundafjölda og hver áætlun laun væru fyrir það tímabil. Þegar komið hafi verið að því að greiða laun í lokin, hafi Ásbjörn Þorgilsson sagt, að hann hefði ekki handbært fé, en hann gæti greitt þeim innan nokkurra daga, í síðasta lagi 10. júlí 1985. Hann hafi því látið þá fá í hendur tryggingarvixil, að fjárhæð 110.000 kr., fyrir þeim launum.

Stefndu halda því fram, að Ásbjörn Þorgilsson hafi stýrt verkinu, sem einkum hafi falist í að einangra og klæða innveggi, aðallega á efri hæð hússins. Einnig hafi þeir skipt um gler í sumum gluggum og unnið við að breikka svalir. Allar framkvæmdir hafi takmarkast af fjárhag stefnanda, og efnisskortur hafi oft tafið framkvæmdir eða komið í veg fyrir þær. Vegna efnisskorts hafi m. a. verið farið í að rífa hús við hliðina á kvenna-bragganum.

Stefndu taka fram, að þeir hafi ekki hlaupist frá vinnu. Hið rétta sé, að þeir hafi ekki kært sig um að koma aftur til vinnu í júlí 1985, eftir að stefnandi dró að greiða þeim launin. Ekki hafi verið minnst á galla á verkinu, fyrr en víxillinn hafi verið afhentur til innheimtu.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu.*

Stefndu benda á, að framburður aðila og vitna hér fyrir dómi sýni, að enginn verksamningur hafi verið gerður. Hins vegar kunni Eggert Bergsson að hafa gert áætlun um, hvað verkið myndi kosta í tímavinnu, en stefndu hafi ekki vitað um hana. Ekkert tilboð hafi verið gert, og stefnanda hafi ekki tekist sönnun um það. Allt bendi til þess, að stefndu hafi verið í tíma-vinnu. Stefndu hefðu aldrei gert tilboð í að endurbyggja gamalt hús, sem þeir höfðu aldrei séð og vissu ekki, í hvaða ástandi var. Þeim hafi aldrei verið sýnd verklýsing sú, sem stefnandi hafi lagt fram í málinu, enda hafi stefnandi sjálfur vart við hana kannast hér fyrir dómi. Óvenjulegt sé, að verkkaupi sjái um efnisútleiðing í tilboðsverki.

Þegar matsgerðin sé skoðuð, sé ljóst, að hún sé reist á því, að verklýsing hafi legið fyrir, sem sé mótmælt og ósannað. Henni sé skipt í tvo þætti.

#### *Liður 1. a.*

Leki með gluggum sé ekki sök stefndu, enda voru gluggar fúnir á sínum tíma, og einungis bráðabirgðaviðgerð fór fram. Skipt var um þær rúður, sem voru brotnar, og sögðu stefndu við Ásbjörn Þorgilsson, að glerið yrði aldrei gott í gluggunum. Skipta þyrfti um gluggapósta og setja í tvöfalt gler. Ásbjörn vildi heldur hafa bráðabirgðaviðgerð og sem kostnaðar-

minnsta, m. a. lét hann vera einfalt gler áfram. Það athugist, að gluggarnir í húsinu eru þannig, að föst fög eru felld inn í karmana. Stefndu hreyfðu ekki við fögunum, heldur skiptu einungis um gler í sumum gluggum, en leki sá, sem kvartað er undan, getur komið milli fags og karms. Í matsgerð er gert ráð fyrir því sem vísu, að stefndu hafi átt að skipta um alla gluggana með efni og öllu tilheyrandi, og er kostnaður eftir því. Öllu þessu er mót-mælt af hálfu stefndu. Í heild sinni nær matsgerðin yfir miklu meira en það, sem stefndu gerðu og tóku að sér að gera.

#### Liður 1. b.

Matsmenn reikna út, hvað kosta muni að gera svalir, eins og þær ættu að vera. Stefndu skeyttu við svalirnar, en umbreyttu þeim ekki. Leki hafði verið af svölum, áður en stefndu komu til sögu, og allar lagfæringar á þeim voru gerðar í samráði við Ásbjörn Þorgilsson með hliðsjón af kostnaði og því efni, sem til var. Stefnandi lét setja stóðir undir svalirnar, og komu stefndu ekki nálægt því verki. Stefndu gátu aldrei breytt hallanum á svölunum, svo að eftir sem áður gat vatn lagst upp að húsinu. Það dekk, sem var fyrir á svölunum, var úr 1½-4" borðum og þurfti að fara af. Hins vegar var ekki til efni nema úr 1x6", og var það of þunnt til að nota eingöngu sem dekk. Því var farið út í að klæða 1x6" ofan á dekkið, sem fyrir var, og klæðningin höfð þétt. Ásbjörn vildi hafa þetta svona, til að ekki læki á fólk við útidyr og einnig til að gestir á pinnahælum festust ekki á svölunum. Því eiga athugasemdir matsmanna um gisið svalagólf ekki við. Matsmenn telja frágang á svuntu úr sléttu járnri vera óhæfan og vilja láta rífa klæðningu á svölum og framlengja bárujárn niður á steinvegg neðri hæðar niður fyrir svalirnar. Í þessu sambandi skal bent á, að járnsvuntan var tiltæk, þegar stefndu hófu vinnu sína, og er fráleitt að kenna þeim um þennan galla. Stefndu komu ekki nálægt húsinu að utan að öðru leyti en því að breikka svalirnar, enda voru þeir ekki beðnir um annað.

#### Liður 1. c.

Matsmenn sjá ekkert athugasvert við þykkt milliveggja, en benda hins vegar á, að ekki hafi verið notaðir karmar af rétttri breidd. Karmarnir, sem voru notaðir, voru teknir úr húsi við hliðina, enda ekki um annað efni að velja. Stefndu geta því ekki borið ábyrgð á kostnaði við að skipta um aftur vegna fegurðarsjónarmiða.

#### Liður 1. d.

Hið sama á við um karma á neðri hæð og í lið 1. c., og enn má bæta við, að einhverja karma settu stefndu alls ekki í, og stóðu sum dyraopin auð, þegar þeir fóru síðast frá Djúpuvík.

## Liður 1. g.

Skáphöldur settu stefndu ekki upp, en þeim skilst, að Agnar Páll Ómars-son hafi sett þær upp fyrir stefnanda, eftir að þeir fóru frá Djúpuvík, og þá algjörlega eftir fyrirsögn Ásbjörns Þorgilssonar.

## Liður 2.

Kostnaður við verk, sem ólokið var, verður að teljast stefndu algjörlega óviðkomandi, enda höfðu þeir ekki tekið að sér eða fengið greitt fyrir þau verk, sem þarna eru tilgreind.

Stefndu taka fram, að sumar breytingarnar hafi verið unnar, eftir að stefndu fóru frá Djúpuvík, og í matsgerðinni séu metnir hlutir, sem aðrir en stefndu hafi unnið við. Fráleitt sé að ætlast til, að stefndu standi undir kostnaði stefnanda við að endurnýja kvennabraggann á Djúpuvík, sem síðar var notaður undir hótél. Húsið var gamalt, og stefndu hafi unnið að bráðabirgðaviðgerð og tjasli eftir efnum og ástæðum stefnanda, og fagleg ábyrgð komi einungis til greina á þeim verkþáttum, sem stefndu unnu einir að með fullu athafnafrelsi og frelsi til efnisnotkunar.

Matsgjörðinni sé mótmælt í heild sem stefndu óviðkomandi og einnig sem tölulega of hárrí.

## III.

Þegar litið er til skýrslna aðila og vitnaframburðar í máli þessu svo og til reikninga stefndu, verður að draga þá ályktun, að sennilegast sé, að eftir að stefndu, sem voru lærðir trésmiðir, hafi komið til Djúpuvíkur 6. maí 1985, hafi þeir samþykkt að vinna ákveðið verk fyrir stefnanda fyrir ákveðna fjárhæð. Verkið hafi lotið að því að ganga frá tréverki og gera húsið tilbúið undir málningu. Af skýrslum má ráða, að verkið hafi aðallega falist í því að plötuklæða útveggi að innan og innveggi, að setja upp nokkra milliveggi á efri hæð, að klæða loft á neðri hæð, hljóðeinangra innveggi með steinull, lagfæra svalir með því að breikka þær og endurklæða, yfirfara glerisetningu og endurglerja að hluta og þetta glugga og setja í hurðir og karma. Allar líkur benda til, að stefndu hafi samþykkt að vinna verkið fyrir 350.000 kr.

Stefnandi hefur lagt fram mat dómkvaddra matsmanna, sem hafa komist að þeirri niðurstöðu, að gallar séu á verki stefndu og að tilteknum verkþáttum hafi verið ólokið. Stefnandi reisir körfur sínar á vinnuþætti matsins ásamt ferðakostnaði og upphaldi, samtals 285.068 kr.

Eftir atvikum þykir rétt að fallast á mat hinna dómkvöddu matsmanna, sem lýtur að áætluðum kostnaði vegna vinnu við lagfæringu á gleri, glugga-fögum og svölum, samtals 118.148 kr. Einnig ber eftir atvikum að fallast á með stefnanda, að stefndu hafi ekki lokið við að setja stokka, hurðir

og útihurðir, loftlista og gólflista, og er kostnaður við það metinn 56.064 kr. Hins vegar er ekki talin ástæða til að fallast á ferðakostnað og dvalarkostnað sem liði í mati.

Kröfur stefnanda verða því teknar til greina með 174.212 kr., og verður stefndu gert að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði, sem ákveðst 60.000 kr. og beri vexti, eins og krafist er. Sérstakur söluskattur er 7.200 kr.

Garðar Gíslason borgardómari, dr. Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari kváðu upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurbjörn Guðjónsson og Steinar Stefánsson, greiði in solidum stefnanda, M. Hannibalssyni hf., 174.212 kr. með 27% dráttarvöxtum á ári frá 1. 12. 1986 til 1. 3. 1987, 30% frá þ. d. til 14. 4. 1987, en dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta skipti 1. 12. 1987, og 60.000 kr. í málskostnað og 7.200 kr. í sérstakan söluskatt. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags, er leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, fyrst tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.